



Alþingi
Erindi nr. P 128/1297
komudagur 24.2.2003

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félagsmálanefnd Alþingis
b.t. Helgu E. Þórisdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 24. febrúar 2003

Sam 054/2003 PS/sp
Tilv.: 215,0

**Efni: Frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á
vinnustöðum**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 21. febrúar, var lagt fram bréf félagsmálanefndar Alþingis, dags. 11. febrúar 2003, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 550. mál.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á
vinnustöðum



Umsögn

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Umsögn um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Með frumvarpi þessu er verið að lögfesta ýmis atriði tveggja tilskipana Evrópusambandsins. Annars vegar gerir frumvarpið ráð fyrir að meginatriði tilskipunar nr. 93/104/EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma verði lögfest. Hins vegar er gert ráð fyrir að lögfesta ákvæði úr tilskipun nr. 89/391/EB um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu stafsmanna á vinnustöðum. Þá eru lagðar til breytingar á skipulagi Vinnueftirlitsins hvað varðar hlutverk forstjóra og stjórnar sem að verulegu leyti er flutt til félagsmálaráðherra.

Ljóst er að um verulegan kostnaðarauka er að ræða fyrir íslenskt atvinnulíf og þar með talið sveitarfélög landsins. Ef marka má umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem fylgir með frumvarpinu má gera ráð fyrir að kostnaður sveitarfélaga geti numið frá 150-250 milljónum í upphafi og 70-115 milljónum ári eftir það. Verði frumvarpið að lögum er því ljóst að taka verður málið upp í viðræðum um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga leggur til að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað þar til fyrir liggur hvernig sveitarfélögunum verði tryggðar tekjur til að mæta auknum kostnaði sem leiðir af samþykkt þess.

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 21. febrúar 2003.

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri